

## Verklags- og úthlutunarreglur 2018 vegna úthlutunar styrkja úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Norðurlands vestra

Á heimasíðu SSNV: <http://www.ssnv.is/is/atvinnu-og-nyskopunarsjodur>  
eru þau gögn er varða umsóknarferli í Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Norðurlands vestra.

### Almennt:

- Tilgangur:* Tilgangur sjóðsins er að styrkja atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra og markmið hans eru að:
  - ✓ Til verði ný varanleg störf í þekkingargreinum.
  - ✓ Ungu fólki verði gert kleift að hasla sér völl í atvinnulífi á Norðurlandi vestra, t.d. með stofnun eigin fyrirtækja.Sérstaklega er horft til mikilvægis þess að byggja upp nýjar þekkingargreinar sem byggja á styrkleikum svæðisins sem hæfa ungu vel menntuðu fólki.
- Samkeppnissjóður:* Sjóðurinn er samkeppnissjóður. Umsóknir eru metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í 1. lið.

### Umsóknarferli:

- Auglýsing:*
  - Á árinu 2018 verður ein aðalúthlutun, með umsóknarfresti til og með 30. nóvember 2017. Heimilt er að auglýsa oftar eftir umsóknum ef ástæða þykir til.
  - Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki á heimasíðu SSNV og sem flestum miðlum á starfssvæði SSNV. Einnig er heimilt að auglýsa utan svæðis.
- Umsækjendur:* Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, búsettir á Norðurlandi vestra, sem eru 35 ára eða yngri. Umsækjendur geta sótt um styrki í nafni fyrirtækis sem er að meirihluta í eigu einstaklinga sem uppfylla skilyrðin að ofan um búsetu og aldur. Sýna skal með sannanlegum hætti fram á eignarhald í þeim tilfellum sem umsækjandi er fyrirtæki.
- Framkvæmd:* Starfsmenn SSNV, í umboði úthlutunarnefndar, sjá um að auglýsa eftir umsóknum, taka við umsóknum og koma þeim til úthlutunarnefndar.
- Umsóknir:* Umsóknir skulu vera rafrænar. Sækja skal um á umsóknargátt sem er á heimasíðu SSNV. Í umsókninni skal koma fram hvernig verkefnið styður við markmið 1. gr. Einnig skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur. Þá skal í umsókn fylgja skýr áætlun um fjölda starfa sem eiga að skapast vegna þeirra verkefna sem sótt er um stuðning við. Upplýsingar í umsókn og öll fylgigögn skulu vera á íslensku. Öll fylgigögn, þar með talið staðfestingar samstarfsaðila, skulu fylgja með umsókninni þegar henni er skilað. Umsóknir og fylgigögn sem berast eftir öðrum leiðum eru ekki tekin gild. Sá texti sem birtist á rafræna umsóknarforminu telst hluti af þessum reglum. Umsókn telst móttækin ef umsækjandi hefur fengið staðfestingu þess efnis af umsóknarvefnum. Umsækjendur eru hvattir til að prenta út staðfestinguna ef upp koma vafatilfelli en þá þarf umsækjandi að geta sýnt fram á staðfestingu á móttöku umsóknarinnar.

7. *Lágmarksstyrkuppæð*: Hver styrkur er að lágmarki 2 milljónir króna.
8. *Samstarfsaðilar*: Samstarfsaðilar eru þeir sem koma að fjárstreymi verkefnis, þ.e. þeir sem leggja til verkefnisins í formi vinnu og/eða fjármagns. Ath. að þeir aðilar sem fá allan kostnað greiddan við verkefnið, vinnu, tæki og efni, teljast verktakar, ekki samstarfsaðilar.
9. *Styrkhæfur kostnaður*: Styrkir úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði taka til fjármögnunar styrkhæfs kostnaðar í verkefninu. Eftirfarandi atriði eru til leiðbeiningar um hvað telst til styrkhæfs kostnaðar:
  - a) *Laun*: Launakostnaður miðist við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxta til útreiknings launa, nema í aðkeyptri þjónustu sjá e) lið.
  - b) *Vinnuframlag styrkþega og samstarfsaðila*: Þrátt fyrir lið a) skal reikna launaða eða ólaunaða vinnu að hámarki á 4.000 kr./klst.
  - c) *Ferðakostnaður*: Leitast skal við að velja hagkvæmasta ferðamáta hverju sinni.
  - d) *Aðföng*: Gera skal grein fyrir þeim aðföngum sem þarf til verkefnisins. Heimilt er að kaupa sérhæfð tæki sem nauðsynleg eru fyrir framgang verkefnisins. Ef tækin nýtast viðkomandi aðila áfram má reikna allt að 25% af kaupverði þeirra í kostnaðaráætlun í umsókn.
  - e) *Aðkeypt þjónusta*: Gera þarf grein fyrir aðkeyptri þjónustu í umsókn. Þátttakendur í verkefninu geta ekki fengið greitt fyrir „aðkeypta“ þjónustu.
10. *Styrkir úr Uppbyggingarsjóði taka ekki til eftirfarandi þátta*:
  - a) Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga í fyrirtækjum, kaupa eða endurnýjun á fastafjármunum, né til kaupa á lóð eða húsnæði.
  - b) Ekki er veittur styrkur til að kaupa tölvur eða almennan skrifstofubúnað nema þegar um stofn- og rekstrarstyrk á sviði menningar er að ræða.
  - c) Sá kostnaður sem fallið hefur til árið 2017 eða fyrr, vegna þess verkefnis sem sótt er um, er ekki styrkhæfur.
  - d) Ekki er veittur styrkur til almenns rekstrarkostnaðar fyrirtækja í hefðbundinni atvinnustarfsemi.
11. *Minniháttaraðstoð*: Með vísan til reglugerðar ESB nr. 1407/2013 um minniháttaraðstoð (de minimis aid) þarf að fylgja með í umsókn yfirlýsing frá umsækjanda um að opinber stuðningur við hann fari ekki yfir 200 þúsund evrur samanlagt yfir hvert þriggja ára tímabil.

### **Styrkveitingar:**

12. *Úthlutunarnefnd*: Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra tekur ákvörðun um styrkveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum Fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar. Berist beiðni um rökstuðning við ákvörðun nefndarinnar ber að fylgja ákvæðum laga nr. 37/1993. Sjá Viðauka 1.
13. *Mat á umsóknum*: Allar umsóknir skulu metnar hlutlægt skv. matsblaði sem er fylgiskjal þessara reglna og birt er á heimasíðu SSVN.
  - a) Í upphafi er öllum umsóknum gefinn einkunn á skalanum 1-10 þar sem lagt er mat á umsóknina skv. atvinnu og/eða nýsköpunargildi verkefnisins.
  - b) Sé einkunnin lægri en 6 þá er umsókninni hafnað og hún ekki tekin til frekari umfjöllunar.
  - c) Umsóknir sem fá einkunnina 6 eða hærra eru síðan teknar til frekara mats.
  - d) Við úthlutun styrkja þá er sú umsókn sem flest stig fær tekin fyrst til afgreiðslu og svo koll af kolli þar til: a) fjárveiting er uppurin, b) ekki eru fleiri umsóknir til afgreiðslu.

14. *Styrkir:*

- a) Styrkir úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.
- b) Sé styrkur sjóðsins lægri en sú upphæð sem sótt var um er umsækjanda heimilt að endurskoða lýsingu verkefnis, verk- og tímaáætlun og fjárhagsáætlun til samræmis við styrkuppþæð og skal sú endurskoðun þá vera fylgiskjal með samningi.
- c) Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefnis og styrkuppþæð.

**Framkvæmd:**

15. *Ábyrgð:* Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins. Umsækjandi ber einnig ábyrgð á að öllum gögnum vegna umsóknar og framvindu verkefnis sé skilað innan tilskilins tímafrests.

16. *Samningur:* Starfsmenn SSNV sjá um samningsgerð, dagleg samskipti og eftirfylgni við styrkþega. SSNV og styrkþegi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslna, skil á skýrslum og eftirfylgni. Að öðru leyti ber styrkþega að veita SSNV upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.

17. *Fagleg ráðgjöf:* Öllum styrkveitingum Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs fylgir fagleg ráðgjöf, allt að 40 klst. Styrkhafi og SSNV gera með sér sérstakan samning um fyrirkomulag þessarar ráðgjafar og skal það vera fylgiskjal samnings við styrkhafa. SSNV leitast við að afla ráðgjafa sem henta hverju verkefni fyrir sig.

18. *Framvindu- og lokaskýrslur:* Framvindu- og lokaskýrslur skulu vera á rafrænum eyðublöðum Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.

Upplýsingar í framvindu- og lokaskýrslum skulu vera á íslensku.

Skila þarf afriti af fjárhagslegum fylgiskjöllum (reikningum) með lokaskýrslu (skönnuðum) vegna þeirra verkefna sem fá styrki.

19. *Greiðslur styrkja:*

- a) Við undirritun samnings er heimilt að greiða 30% samningsuppþæðar. Heimilt er að greiða allt að 40% styrkuppþæðar við skil á framvinduskýrslu og skal þá a.m.k. 70% af verkefninu lokið, skv. kostnaðaráætlun. Lokagreiðsla fer fram að verkefni loknu þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
- b) Ef ekkert verður af verkefninu fellur styrkur frá Atvinnu- og nýsköpunarsjóði niður. Verði verulegar breytingar á verkefninu, án samþykkis SSNV, er styrkurinn afturkræfur að hluta eða öllu leyti.

20. *Vanskil:*

- a) Sé styrkhafi í vanskilum með fyrri verkefni er heimilt að fresta greiðslum á nýjum styrk þar til bætt hefur verið úr þeim vanköntum.
- b) Hafi styrkhafi ekki haft samband við viðkomandi starfsmann SSNV innan þriggja mánaða eftir að verkefni á að vera hafið er heimilt að fella styrkinn niður án viðvörunar.
- c) Hafi styrkhafi ekki skilað lokaskýrslu til viðkomandi starfsmanns SSNV innan þriggja mánaða frá því sem segir í samningi er heimilt að fella styrkinn niður án aðvörunar og krefja styrkhafa um endurgreiðslu hafi hann fengið hluta styrksins þegar greiddan.

**Annað:**

21. *Trúnaður:* Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra.
22. *Endurskoðun:* Verklags- og úthlutunarreglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.

Viðauki 1: Úr lögum nr. 37/1993

■ **21. gr.** *Hvenær veita skal rökstuðning.*

- Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.
- Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:
1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
  2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
  3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.
- Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.